

Reglur Landvarðafélags Íslands varðandi ferðastyrki

1. Landvarðafélag Íslands heldur úti ferðasjóð. Markmið sjóðsins er að styrkja féлага í landvarðafélaginu til þess að sækja ráðstefnur erlendis fyrir hönd Landvarðafélags Íslands í þeim tilgangi að efla samstarf félagsins á erlendum vettvangi.
2. Tekjur ferðasjóðsins eru 25% af árgjöldum hvers árs.
3. Hver félagi getur að hámarki sótt um einn styrk á hverju almanaksári og er hámarksupphæð hvers styrks 50.000 kr.
4. Ef fleiri en 2 félagar sækja um styrk fyrir sama viðburð metur stjórn eftir tilvikum upphæð styrkja út frá stöðu ferðasjóðsins og með hliðsjón af ráðstefnum sem eru framundan.
5. Forsendur þess að félagi hljóti styrk er að hann skili af sér vinnu tengdri ráðstefnunni. Sú vinna getur til að mynda verið í formi skipulagningar (t.d. koma með gjafir), fyrirlestrar á ráðstefnunni, greinaskrif, fyrirlestur fyrir féлага, kynning á samfélagsmiðlum eða annað í samráði við stjórn og alþjóðanefnd. Styrkurinn er ekki greiddur fyrr en vinnunni er lokið og staðfesting á þátttöku á ráðstefnu er skilað.
6. Umsækjandi getur ekki hlotið styrk úr ferðasjóði liggja styrkveiting fyrir úr öðrum sjóðum fyrir sama verkefni.
7. Stjórn er heimilt að veita styrki til annarra landvarðatengdra viðburða erlendis. Stjórn skal meta hverja umsókn og styrkupphæð eftir atvikum. Í þeim tilvikum er stjórn heimilt að nota almenna reikninga félagsins.
8. Stjórn félagsins heldur utan um ferðasjóðinn, úthlutar styrkjum og úrskurðar í þeim vafamálum sem kunna að koma upp.

Samþykkt á aðalfundi 28. mars og endurskoðað á stjórnarfundi 22. maí 2023